



Söluskrá veiðileyfa 2026



Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar

Útgefandi:

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29
200 Hafnarfjörður
Sími: 565-4020
Netfang stjórnar: stjorn@svh.is


Heimasíða: www.svh.is

Ábyrgðarmaður: Vilborg Reynisdóttir

Ritstjóri: Valgeir Smári Óskarsson
Netfang: valgeirinn@gmail.com

Prentun: Rafræn útgáfa

Pökkum félagsmönnum og samstarfsaðilum afnot af ljósmyndum.
Forsíðumynd: Sumardagur við Hlíðarvatn



Sértilboð fyrir SVH



**Eitt kort
38 vötn**



veidikortid.is

Frá ritstjóra

SVH opnar nú fyrir sölu veiðileyfa í febrúarmánuði. Sala veiðileyfa var mjög góð í fyrra og útlit fyrir að þetta ári verði með sama hætti ef veður og vindar leyfa.

Nær allir félagsmenn skráðu umsóknir á veiðileyfum á vef SVH á síðasta ári. Við viljum hvetja alla til að nýta sér þetta rafræna ferli á heimasíðu okkar.

Hægt verður að nálgast umsóknarblað sé þess óskað. Nánari upplýsingar um afhendingu umsóknarblaða verða auglýstar á vef félagsins. Skila þarf skriflegri umsókn í póstkassa SVH að Flatahrauni 29 fyrir síðasta skiladag sem er 21. febrúar 2026.

Ef sótt er um á vefnum bendum við á að nýta athugasemdasvæði í umsókninni til að koma skilaboðum til stjórnar varðandi varadaga og annað sem þarf að taka tillit til. Það er alltaf mannhöndin sem afgreiðir endanlega umsókn og gott að vita t.d. um aðra daga sem henta. Alltaf er erfitt að uppfylla óskir allra félagsmanna við úthlutun veiðileyfa en stjórn gerir sitt besta í þeim efnum.

Söluskrá fyrir 2026 verður ekki prentuð út né send félagsmönnum í pósti. Hún verður eingöngu aðgengileg á heimasíðu félagsins eins og hefur verið síðastliðinn ár.

Okkar góða samstarf við Stangveiðifélag Keflavíkur (SVFK) heldur áfram og gerir okkur kleift að bjóða leyfi í Hrollleifsdalsá og Vesturhópsvatni. Einnig verða í boði leyfi í Fnjóská í samstarfi við Stangaveiðifélagið Flúðir á Akureyri.

Við bendum öllum félagsmönnum á að fylgjast vel með á heimasíðu okkar um hvernig sölu veiðileyfa verður háttað.

Kæru félagsmenn og aðrir lesendur, megið þið eiga frábært veiðisumar.

Með kveðju,
Valgeir Smári Óskarsson



Við reykjum
og gröfum
fiskinn þinn





REYKOFNINN EHF.

Skemmuvegi 14 bleik gata • 200 Kópavogi
Sími: 557 2122 • www.reykofninn.is
info@reykofninn.com

Leiðbeiningar vegna umsókna á vef SVH

Félaganúmer: Þegar umsókn er skráð þarf að setja inn félaganúmer. Til að finna félaganúmer er hægt að opna félagaskrá sem er aðgengileg sem PDF skrá, [sjá hlekk í frétt um opnun](#) veiðileyfa. Nóg er að einn úr holti sæki um en setji hina í hollinu inn undir "Félagar á öðrum stöngum", sjá félagaskrá varðandi númerið.

Tölvupóstfang: Notað til að senda staðfestingapóst á viðkomandi og einnig ef eitthvað í umsókn þarfnast skýringa við úrvinnslu.

Veiðisvæði: Skrá þarf eina umsókn fyrir hvert veiðisvæði. Til dæmis eina umsókn fyrir Hlíðarvatn og aðra fyrir Djúpavatn. Hins vegar má setja marga daga í dagsetningasvæði ef fara á mörgum sinnum í t.d. Hlíðarvatn. Sjá nánar dagsetningarsvæði hér neðar. *Varadaga má skrá í athugasemdir.*

Nafn: Nafn umsækjanda, hjálpar okkur að greina villur t.d. ef félaganúmer er rangt skráð o.s.frv.

Stangafjöldi: Fjöldi stanga sem óskað er eftir. Félagi sem skráir holl þarf að taka fram hversu margar stangir hann vill fá. Í Djúpavatni skiptir ekki máli hvað skráð er í svæðið, sama gildir um umboðssölur þar sem holtið er selt í heilu lagi.

Dagar: Hér verður að skrá hvaða dag umsækjandi vill fá að veiða, athugið að veiði í Hlíð og Djúp hefst kl 18 degi fyrir umsóknardag. Dæmi: ef skráð er 10.6 þá hefst veiði kl 18 9.6. Hér má skrá margar umsóknir á sama veiðisvæði, dæmi: 14.5 10.6 20.6 en *varadaga skal skrá í athugasemdir.*

Félagar á öðrum stöngum: Notað þegar sótt er um holl með öðrum félögum í SVH, skrá þarf númer félaga og þá er veiðileyfið skráð á þá en ekki bara umsækjanda.

Athugasemdir:

Hér er reitur til að koma á framfæri sér óskum eða öðru sem skiptir máli varðandi úthlutun. Við úthlutun eru athugasemdir skoðaðar og reynt að bregðast við eftir bestu getu.

Hér er gott að skrá *aðrar dagsetningar til vara* sem henta umsækjanda ef aðaldagsetning fæst ekki.



Umsókn veiðileyfa

Hægt að skrá veiðileyfa-
umsóknir á www.svh.is

Skilafrestur er til og með
laugardagsins 21. febrúar 2026
Ekki er tekið við umsóknum eftir þann tíma.

ATHUGIÐ!
Árgjald fyrir 2026 og eldri árgjöld verða að
vera greidd til að fá úthlutun.



Á næstu síðum má sjá úrval veiðileyfa á vegum SVH, þegar umsókn er fyllt út skal tilgreina nákvæmlega þann dag/daga sem óskað er eftir en í athugasemdum má taka fram hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma.

Athugið sérstaklega þá breytingu sem verður á sölu leyfa í Hlíðarvatni eftir Verslunarmannahelgina. Í ágúst og september eru leyfin seld sem "pakki" - greitt fyrir þrjár stangir (s.s. fimm fyrir þrjár). Verðið er mismunandi fyrir pakkann í ágúst og september.

Annað sem verður að benda á er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá úthlutað verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

Vinsamlegast skráið GSM símanúmer á umsóknina ásamt tölvupóstfangi.

Veiðikortið:

Eins og áður verður Veiðikortið 2026 til sölu við úthlutun hjá okkur.
Verð til félagsmanna SVH er að sjálfsögðu lægra en á almennum markaði.

Unglingastarfið

Unglingastarfið mun fara á fullt skrið ef næg þátttaka verður fram á vor og hvetjum við unga veiðmenn að kynna sér starfsemina og mæta á skemmtilegar og fræðandi kvöldstundir. Markmið unglíngastarfsins er að kenna fluguhnýtingar, fræðslu um efnin sem notuð eru, umgengni við náttúruna og flest það sem snýr að veiðiskap. Unglingastarfið er þátttakendum að kostnaðarlausu og miðast við 12-16 ára aldur.

Vonandi sjáum við sem flesta unglinga á þessum kvöldum. Áhöld og efni eru til á staðnum fyrir þá sem ekki eiga slíkt. Félagsmenn hafa gefið töluvert af efni til starfsins og eiga þeir þakkir fyrir. Boðið verður upp á djús og ávexti.

Hægt er að fylgjast með á heimasíðu félagsins um dagskrá unglíngastarfsins.



Hlíðarvatn í Selvogi

Þetta frábæra veiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta bleikjuveiðivatn landsins.

Leyfilegt agn:

Fluga og spúnn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september.

Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum.

Í maí, júní og júlí er verð fyrir **eina** stöng
10.000 kr. virka daga og
12.000 kr. um helgar.

Í ágúst og september verður breyting á leyfunum og frá 1. ágúst eru allar 5 stangirnar seldar saman í "einum pakka".

Frá 1. ágúst til 31. ágúst er verðið fyrir allar 5 stangirnar saman
27.000 kr. virka daga og
33.000 kr. um helgar.

Frá 1. september til 30. september er verðið fyrir allar 5 stangirnar saman
16.000 kr. virka daga og
20.000 kr. um helgar.

Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Leiðbeiningar um notkun húss eru í húsinu.

Skrúfa þarf fyrir gas og slökkva á rafmagni við brottför.

Eftirfarandi dagar eru ekki til úthlutunar 2026:

15.05, 13.06, 14.06, 15.06, 24.06, 13.07, 21.08

Síðustu helgina í apríl ár hvert er hreinsunarlofti við Hlíðarvatni og nú er það helgin 26. og 27. apríl 2026. Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Opni Hlíðarvatnsdagurinn er 14. júní og þá er vatnið opið fyrir alla frá 09:00-17:00.

Djúpavatn á Reykjanesi



DJÚPAVATN á Reykjanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, hálf tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með svefnplássi fyrir 8–10 manns, gott útigrill og fallegt umhverfi.

Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir og eru aðilar beðnir um að virða það. Athugið að ef sótt er um samliggjandi helgardaga, þá eru föstudagar - laugardagar saman og sunnudagar - mánudagar saman. Ekki er hægt að sækja um staka helgardaga.

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:
35.000 kr. á dag á virkum dögum og 45.000 kr. á dag um helgar.

Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Leiðbeiningar um notkun húss eru í húsinu.

Skrúfa þarf fyrir gas og slökkva á rafmagni við brottför.

Athugið - veiði á bátum er ekki leyfileg.

Veiðitímabil er frá 1. júní til 25. september.
Eftirfarandi dagar eru ekki til úthlutunar 2026:
22.07, 27.08, 02.09

Á hverju sumri er sleppt talsvert af vænum fiski í vatnið.

Kleifarvatn



KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Verð á sumarkortum til félagsmanna er 5.000 kr. og eru þau seld á sölukvöldum veiðileyfa. Öryrkjar og félagsmenn 67 ára og eldri geta nálgast sumarkortið án endurgjalds á sölukvöldi veiðileyfa.

Þess má líka geta að Kleifarvatn er hluti af veiðikortinu.

Athugið að einungis er leyft að veiða á flugu, spón og maðk.
Veiði á bátum er bönnuð.

Hægt er að versla dagsleyfi á 2.500 kr. á leyfi.is og á veidikortid.is frá 1. apríl.

FK

FJARÐARKAUP



RAFGEYMASALAN
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA Á GÓÐU VERÐI

HÁGÆÐA RAFGEYMAR
Á FRÁBÆRU VERÐI

VIÐ KOMUM ÞÉR Í **STUÐ!**



VERTU Í BANDI
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Dalshrauni 17 - 220 Hafnarfirði - Sími og fax: 5654060 - Netfang: sala@rafgeymar.is



Vantar þig veislusal?

Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar býður sal félagsins til leigu fyrir félagsmenn og almenning.

Salurinn hentar fyrir 58-64 til borðs, allt leirtau er til staðar.

Upplýsingar gefur Sigríður í síma 565-3602 eða 892-3037. Ef ekki næst samband þá er annað númer 565-4020 Vilborg

Hrollleifsdalsá

Staðsetning:

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon. Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhjá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun:

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímann. Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður. ATH stangirnar eru seldar saman.

Veiðihús:

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsófi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl. Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Hrollleifsdalsá: 3 stangir (stangir seldar saman)

Vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á svh@svh.is ef óskað er eftir nánari upplýsingum um lausar stangir.

Veiðitilhögun er hálfur-heill-hálfur.

Stjórn hefur samband fljótlega til að fá staðfestingu á umsókn. Greiða þarf þá leyfið sem fyrst. Ekki er hægt að skila eða breyta eftir staðfestingu. Þau umboðssölu leyfi sem ekki er sótt um er skilað strax að lokinni úthlutun.

Fnjóská

Staðsetning

Fnjóská í Fnjóskadal er falleg og vatnsmikil bergvatnsá með mörgum glæsilegum veiðistöðum og góðri aðstöðu fyrir veiðimenn. Hún hentar mjög vel til fluguveiða og þá sérstaklega sá hluti árinna sem er ofan gljúfranna á neðsta veiðisvæðinu. Um hálf tíma akstur er í Fnjóská frá Akureyri. Ýmsan fróðleik um Fnjóská er að finna á vef Flúða, www.fludir.svak.is.

Lýsing

Veiðihús er innifalin í veiðileyfum á svæðum 1-4 og eru afnot af veiðihúsunum að Flúðaseli fyrir tvo veiðimenn pr. stöng. Þar eru þrjú hús með tveimur tveggja manna herbergjum, snyrtingu og smáeldhúsi. Í fjórða húsinu er eitt tveggja manna herbergi með snyrtingu og smáeldhúsi auk þess sem þar er góð sameiginleg aðstaða fyrir veiðifatnað og afla. Útigrill fylgir öllum húsum.

Veiðitilhögun

Á svæðum 2, 3 og 4 verður eingöngu veitt á flugu frá hádegi 11. ágúst til loka veiðitímans en fram til þess tíma er veitt á flugu og spón. Á svæði 1 er veitt á flugu og spón allan veiðitímann. Veiðileyfið gildir ekki um svæði 5 sem er silungsveiðisvæði.

Veiðitakmarkanir

Almennt eru menn hvattir til að gæta hófs við veiðarnar.

Lax:

Sleppa skal öllum hrygnum, stórum sem smáum eða setja þær í klak.

Sleppa skal öllum hængum, sem er 70 cm og stærri eða setja þá í klak.

Hámarksveiði á stöng er 1 lax á 1/2 degi en eftir það má halda áfram veiðum á flugu og sleppa.

Bleikja:

Sleppa skal öllum bleikjum, sem eru 40 cm og stærri. Hámarksveiði á hverja stöng er 2 bleikjur á 1/2 degi en eftir það má halda áfram veiðum á flugu og sleppa.

Fnjóská, svæði 1-4. 4 stangir (stangir seldar saman)

21 - 23 ágúst 102.500 kr. stöngin á dag.

08 - 10 september 56.500 kr. stöngin á dag.

Þetta eru tveggja daga pakkar, hálfur – heill – hálfur.

Verðin eru félagsmannaverð fyrir eina stöng í tvo daga.

Dvöl fyrir tvo veiðimenn pr. stöng í veiðihúsi er innifalin.

Það eru fjórar stangir í boði á hverju þessara tímabila (átta stangir eru í ánni).

Tvær stangir eru saman á svæði og saman í veiðihúsi.

Stjórn hefur samband fljótlega til að fá staðfestingu á umsókn. Greiða þarf þá leyfið sem fyrst. Ekki er hægt að skila eða breyta eftir staðfestingu. Þau umboðssölu leyfi sem ekki er sótt um er skilað strax að lokinni úthlutun.

Vesturhópsvatn



Vesturhópsvatn stendur félagsmönnum til boða í gegnum samstarf við Stangveiðifélag Keflavíkur. Ef það er áhugi á vatninu má senda okkur póst á stjorn@svh.is til að fá nánari upplýsingar eða hafa samband í síma 565-4020.

Frekari upplýsingar um vatnið ásamt verðum á veiðileyfum er að finna á heimasíðu Stangveiðifélags Keflavíkur. www.svfk.is

Staðsetning

Vesturhópsvatn er staðsett í Þverárhreppi í V.-Húnaþingi. Hæð yfir sjó er 19 m. og flatarmál 10.3 km. Mesta mælda dýpi er 28 m. Mesta lengd 6.9 km. og mesta breidd 2.3 km. Umhverfi vatnsins er mjög fagurt og gnæfir Borgarvirki yfir austurhluta þess. Vegalengdin frá Reykjanesbæ er um 250 km um Hvalfjarðargöng og er vatnið 24 km frá Hvammstanga.

Veiðihús

Mjög gott hús er við vatnið með tveimur aðskiptum íbúðum undir sama þaki.

Veiðifyrirkomulag

Heimild er til veiða með fjórum stöngum með hvorri íbúð fyrir sig og engin takmörkun á stöngum fyrir börn yngri en 12 ára. Daglegur veiðitími er frjáls. Einnig er heimilt að leggja net yfir nóttina en þau eru ekki á staðnum. Leyfilegt er að veiða alla strandlengjuna innan veiðimarka sem afmarkast annarsvegar við Klambranes og hinsvegar lækjarins Kýrlágs sem er rétt sunnan við syðsta sumarþústaðinn.

Bátur er til afnota fyrir veiðimenn ásamt árum og björgunarvestum. Veiði af bát takmarkast við áður uppgefinn veiðimörk en alls ekki nær en 150 mtr. frá strandlengjunni á móti. Heimilt er að sigla um allt vatn.



leyfi.is